

Fyrir karlmenn - Beinn endi					
Vörunúmer MEDOR	Vörunúmer framleiðanda	Vöruheiti	Stærð	Lengd	Fjöldi í pakkningu
4420800	4431000	LoFric Origo Nelaton	8 CH	40 cm	30 stk.
4431000	4431000	LoFric Origo Nelaton	10 CH	40 cm	30 stk.
4431200	4431200	LoFric Origo Nelaton	12 CH	40 cm	30 stk.
4431400	4431400	LoFric Origo Nelaton	14 CH	40 cm	30 stk.
4431600	4431600	LoFric Origo Nelaton	16 CH	40 cm	30 stk.
4431800	4431800	LoFric Origo Nelaton	18 CH	40 cm	30 stk.



Fyrir karlmenn - Boginn endi					
Vörunúmer MEDOR	Vörunúmer framleiðanda	Vöruheiti	Stærð	Lengd	Fjöldi í pakkningu
4441000	4441000	LoFric Origo Tiemann	10 CH	40 cm	30 stk.
4441200	4441200	LoFric Origo Tiemann	12 CH	40 cm	30 stk.
4441400	4441400	LoFric Origo Tiemann	14 CH	40 cm	30 stk.
4441600	4441600	LoFric Origo Tiemann	16 CH	40 cm	30 stk.



MEDOR býður upp á fjölbreytt úrval af LoFric þvagleggjum.

Nánari upplýsingar um fleiri gerðir og stærðir má finna á heimasíðu MEDOR www.medor.is.

Fræðslumyndbönd og upplýsingar má einnig finna á heimasíðu Wellspect www.wellspect.com

Wellspect

HEALTHCARE



Pöntun: Wellspect aftöppunarleggi færðu í Lyfju, Stuðlabergi og í öðrum apótekum.

 **MEDOR**

Hörgatúni 2 | 210 Garðabæ | medor@medor.is | www.medor.is


Dreifingaraðili
fyrir MEDOR:
Distica netþjall
á www.distica.is

Leiðbeiningar fyrir karla


1. Þvoðu hendurnar vel með vatni og sápu. Stundum getur verið tilvinnandi að reyna að pissa fyrir ísetningu þvagleggsins.
2. Virkjaðu þvaglegginn með því að kreista vatnshólfði áður en þú opnar umbúðir (sjá mynd á umbúðum). Þvagleggur er tilbúinn til notkunar um leið og hann kemst í snertingu við vatnið.
3. Opnaðu umbúðir og þræddu þvaglegginn upp þegar þú ert tilbúinn.
4. Komdu þér fyrir í þægilegri stellingu.




5. Dragðu forhúðina varlega aftur (ef þú ert með forhúð). Lyftu limnum upp í átt að kviðnum. Í þessari stellingu teygist á þvagrásinni og hún verður u-laga. Þetta auðveldar þræðingu þvagleggsins upp í þvagblöðruna. Athugaðu! Ekki halda of fast um liminn, því þá er hætt á að þvagrásin klemmist saman.




6. Þræddu LoFríc þvaglegginn hægt og rólega inn í þvagrásina og upp í þvagblöðruna, þangað til þvag byrjar að renna. Athugaðu! Það getur auðveldað ísetningu þvagleggsins að hósta eða reyna að pissa.



7. Beindu limnum niður á við, þannig að neðra op þvagleggsins vísi niður í salernið, könnu eða tengdu legginn við þvagpoka. Athugaðu! Þegar þvag byrjar að renna skaltu reyna að halda þvagleggnum eins stöðugum og þú getur, því oft tekur dágóða stund að tæma þvagblöðruna.



8. Tæmdu þvagblöðruna alveg. Til þess að fyrirbyggja þvagfærasýkingu skaltu tryggja að þvagblaðran tæmist alveg í hvert skipti. Þegar þvagið hættir að renna er hugsanlegt að opið á þvagleggnum sé fyrir ofan yfirborð þvagsins í blöðrunni. Til þess að vera viss um að þú hafir tæmt þvagblöðruna alveg skaltu fjarlægja legginn hægt og rólega og stoppa ef þvag byrjar að renna og bíða síðan þangað til rennslið hefur stöðvast.



9. Þegar tæmingu þvagblöðrunnar er lokið skaltu lyfta limnum aftur í átt að kviðnum og draga síðan þvaglegginn rólega út. Athugaðu! Klemmdu þvaglegginn eða brjóttu hann saman, til þess að síðustu droparnir leki ekki úr honum.

